



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
Helena Stefánsdóttir
Borgartúni 12–14
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 29. janúar 2026
Málsnúmer: 202512-0039
MH

Efni: Nýtt deiliskipulag fyrir Lambhagaland, skipulagslýsing

Vísað er til erindis Reykjavíkurborgar sem barst Náttúrufræðistofnun í gegnum Skipulagsgátt þann 18. desember 2025, þar sem óskað var umsagnar um skipulagslýsingu vegna nýs deiliskipulags fyrir Lambhagaland við Vesturlandsveg.

Skipulagssvæðið er í heild mjög gróið og einkennist af háum öspum, grenitrjám og öðrum gróðri. Lóðir norðanmegin við húsagötu einkennist af berum klöppum og miklum hæðarmun en lóðir sunnan götunnar eru flatlendar og mýrlendar og liggja að opnu grænu útivistarsvæði við Úlfarsá. Suðurhluti svæðisins einkennist af framræstu votlendi og á loftmynd má sjá að trjágróður er að vaxa upp á svæðinu. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar einkennist svæðið sunnan lóða af língresis- og vingulsvist, grasmóavist og skógrækt.

Í skipulagslýsingunni kemur fram að mikilvægt sé að tryggja lífríki og útivistargildi svæðisins við og meðfram Úlfarsá, auk þess kemur fram að stefnt sé að endurheimt votlendis að einhverju leyti. Jafnframt kemur fram að með nýju deiliskipulagi verði afmörkun gildandi deiliskipulags Lambhagalands samsíða Úlfarsá endurskoðuð. Í skipulagslýsingunni er hins vegar ekki sýnt á korti hvernig ný afmörkun verður og ekki er heldur skýrt hvernig endurskoðun skipulagsmarka tengist gildandi deiliskipulagi útivistarsvæðis við Úlfarsá. Af þeim sökum liggur ekki fyrir hvaða svæði breytingin nær til.

Náttúrufræðistofnun bendir á að fuglalíf við Úlfarsá er fjölskrúðugt og þar verpa margar fuglategundir, einkum andfuglar og mófuglar. Á veturna er talsvert fuglalíf á ánni, meðal annars við Lamhaga¹. Að mati stofnunarinnar ætti í deiliskipulagstillögu að fjalla um hvort og með hvaða hætti deiliskipulagið geti haft áhrif á fuglalíf og annað lífríki á svæðinu.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi.

Virðingarfyllst,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
Líffræðingur



¹ Kristbjörn Egilsson. (2000). Gróðurfar og fuglalíf við Úlfarsá. Náttúrufræðistofnun, NÍ-00015.
<https://utgafa.ni.is/skyrslur/2000/NI-00015.pdf>